

Ed.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Foreldri, sem beiðist lausnar frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. gr.

Ákvæði þessara laga skerða í engu ákvæði gildandi laga um fæðingarorlof.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umönnun og uppleiði barna fyrstu æviár þeirra hefur lengstum verið í höndum kvenna. Á undanföllum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist verulega og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppleiði ungra barna leggur þeim á herðar. Tilgangur þessa frumvarps er að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barns án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

Frumvarpið kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna en bent er á að í þeim efnum eru lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta ákaflega brýnar. Frumvarpið beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Í skýrslu Bygðastofnunar, *Vinnumarkaðurinn 1984*, útg. í febr. 1986, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega röfinn þegar þær eignast börn því margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftast ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðnum. Þetta veldur því að konum reynist erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur ásamt öðru í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frumvarpið miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Frumvarpið hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns án þess að eiga á hættu að missa starf sitt og þau kjör sem það býður. Þar sem umönnun fleirbura og fatlaðra barna er að jafnaði umfangsmeiri og meira krefjandi en umönnun annarra barna er lagt til að þessi réttur framlengist um eitt ár og verði þrjú ár sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði þessara laga skerði í engu ákvæði þeirra laga sem gildandi eru á hverjum tíma um fæðingarorlof. Með greininni er fyrst og fremst verið að fyrirbyggja þá túlkun þessara laga að foreldri, sem nýtir sér ákvæði þeirra, missi við það í einhverju rétt sinn til launaðs fæðingarorlofs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.